

Fundur haldinn þriðjudaginn 12. mars í Hermes Reyðarfirði kl. 10:00. Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson og Sigurbjörn Marinósson. Páll Björgvin Guðmundsson mætti kl. 10:50.

Dagskrá fundarins.

1. Málefni fatlaðs fólks – yfirlit fjármála
 2. Starfsmannamál
 3. Önnur mál
-
1. Forstöðumaður lagði fram yfirlit um inn- og útgreiðslur vegna málefna fatlaðs fólks miðað við stöðuna 31.12. 2012. Inngreiðslur á árinu eru kr. 385.497,- þar af eru greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga kr. 300.694.302,- Útgreiðslur skv. rekstraráætlun eru kr. 353.466.311,- Fram kom hjá forstöðumanni að þjónustuhópur SKA hefur samþykkt að óska eftir að heimild til aukinnar þjónustu sbr. umræðu á fundi þjónustuhópsins frá 12. desember sl. upp á kr. 10.8 milljónir fyrir árið 2013. Framkvæmdastjórn samþykkir þessa aukningu sem þjónustuhópur SKA leggur til. Jafnframt upplýsti forstöðumaður að Helga Þórarinsdóttir hafi metið kostnað við þá þjónustu sem er í bið og hljóðar hún upp á um 38 – 39 milljónir samtals á ári. Ekki liggur enn fyrir niðurstaða Jöfnunarsjóðs um framlög vegna málaflokksins fyrir árið 2013. Framkvæmdastjórn lýsir yfir mikilli óánægju með að ekki skuli enn liggja fyrir upplýsingar frá Jöfnunarsjóði um rekstrarframlög ársins 2013. Þá vill framkvæmdastjórn að aflað verði upplýsinga frá Jöfnunarsjóði um framlög úr fasteignasjóði vegna húsnæðis sem nýtt var í þjónustu við fatlað fólk.
 2. Forstöðumaður lagði fyrir verksamning um sálfræðiþjónustu við Huguínu Sigurjónsdóttur, sbr. samþykkt á síðasta aðalfundi SKA. Framkvæmdarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning sem gerir ráð fyrir þremur heimsóknum sálfræðings á svæðið vegna vinnu við biðlista eftir sálfræðiþjónustu. Jafnframt greindi forstöðumaður frá uppsögn Maríu Huldar Ingólfssdóttur sálfræðings en hún gerir ráð fyrir að ljúka störfum frá og með 1. júní nk. og flytja af svæðinu. Maríu Huld eru þökkun velunnin störf og óskað velfarnaðar í framtíðinni. Samþykkt var að auglýsa eftir sálfræðingi til starfa frá og með 1. ágúst 2013.
 3. Forstöðumaður vakti athygli á og gerði grein fyrir nokkrum erindum sem borist hafa:
 - Viðmiðunarreglur vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags ásamt gjaldskrá.
 - Dagsetningum samræmdra könnunarprófa í 4. 7. og 10. bk. næsta haust.
 - Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis um að ytra mat á leik- og grunnskólum er í umsjá Námsmatsstofnunar.
 - Bréf frá Fljótsdalshéraði vegna skoðunar sveitarfélagsins á þjónustu SKA. Í bréfinu segir meðal annars „Sveitarfélagið sér ekki ástæðu til að gera grundvallarbreytingar á skipulagi sem sinnt er af SKA í dag...“
 - Undirbúningur endurmenntunarnámskeiða næsta haust. Sótt hefur verið um styrki í fjögur verkefni.
 - Umsókn um starf iðjupjálfa. Stjórnin þakkar umsóknina en hefur ekki laust starf iðjupjálfa né hefur auglýst efir slíkum starfsmanni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson